

Mál nr. 327/2014
M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Krafa um bætur úr málskostnaðartryggingu vegna ágreinings um gildi ábyrgðar á skuldum við lánastofnun þ. 10.1.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.10.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 5.11.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-4.

Málsatvik.

M gengust í ábyrgð fyrir skuldum sonar síns við lánastofnun. Þegar sonur M varð gjaldþrota gjaldfelldi lánastofnunin lánið og krafði M sem ábyrgðarmenn á láninu um greiðslu þess. M vísuðu málinu til sérstakrar málskotsnefndar sem taldi að fella bæri ábyrgð M niður. Lánastofnunin ákvað að höfða mál á hendur M til að láta reyna á það fyrir dómi hvort ábyrgð þeirra væri virk eða ekki. M telja að umrædd málssókn snúist ekki um ábyrgð þeirra heldur að um sé að ræða stjórnýslumál. V hafnar bótaskyldu og vísar til c. liðar 49.gr. váttryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um þar sem segir að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varði váttryggðan sem varði ábyrgð sem váttryggður hafi gengið í. V ítrekar að málið eigi rót sína að rekja til ábyrgð M á fjárhagsskuldbindingum hvað svo sem varði aðra þætti málsins.

Álit.

Í c. lið 49. gr. váttryggingaskilmála segir að váttryggingin taki ekki til ágreinings, -máls eða málsbeiðni sem varði ábyrgð sem váttryggður hefur gengið í. Rót þess ágreinings sem hér ræðir um er það að M gengust í ábyrgð fyrir son sinn vegna lánsskuldbindingar hans hjá lánastofnun og atriði sem þá ábyrgð varðar. M eiga því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.11.2014..

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.